



GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

IS 400 ÍSAFJÖRÐUR - pósthólf 115 sími 450 8300

Verklagsreglur vegna útskriftar nemanda úr grunnskóla

Í Grunnskólanum á Ísafirði geta duglegir og/aðrir bráðgerir nemendur útskrifast í lok 9. bekkjar. Forsenda slíkrar útskriftar er að nemendur hyggist fara í framhaldsnám í kjölfarið.

Til að útskrifast úr Grunnskólanum á Ísafirði áður en 10 ára skyldunámi er lokið, þarf nemandi að uppfylla námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Eftirfarandi verklagi skal fylgt þegar til stendur að nemandi útskrifist áður en 10. bekk lýkur:

- Foreldrar sækja um það til skólastjóra að barn þeirra útskrifist fyrr en hefðbundið námsfyrirkomulag gerir ráð fyrir á sérstöku eyðublaði. Ef barn ætlar að útskrifast í 9. bekk þarf umsókn að liggja fyrir í ágúst það skólaár og taka samræmd próf í september. Lágmarkseinkunn í samræmdum prófum er 8 eða B.
- Námsefni 10. bekkjar skal lagt til grundvallar í námi barna sem ætlast að útskrifast fyrr, en tekið tillit til þess að nemendur lesa hluta þess utan skóla.
- Standast verður eftirfarandi námsgreinar með mjög góðum árangri: Íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði, samfélagsfræði og skólasókn.
- Nemandi skal ná að lágmarki einkunninni 9, eða B+ í íslensku, stærðfræði og ensku á sérstökum “lokaprófum” sem fram fara útskriftarmánuðinn og hafi náð í námsmati vetrarins minnst 8,5 í meðaleinkunn í hinum þremur greinunum.
- Nemandi þarf að sýna sjálfstæð vinnubrögð og mikla hæfni í að axla ábyrgð á eigin námi.
- Nemandi skal hafa lokið 10. bekkjar sundprófi.
- Ástundun og frammistaða í öðrum námsgreinum skal vera til fyrirmyndar.
- Nemandi stendur til boða félagsþroskamats hjá sálfræðingi skólans, óski forráðamenn þess. Skólastjóri getur einnig gert það að forsendu útskriftar að slíkt mat fari fram.
- Nemandi þarf að fara í viðtal hjá námsráðgjafa og fá þar náms- og starfsráðgjöf.